

## 5. gr.

97

Framlög búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu greiðist í hlutfalli við fasteignamat lands og ræktunarlóða, þó þannig, að verðeining ræktunarlóða beri aðeins  $\frac{1}{2}$  gjaldþunga á móti einingu í öðru landverði.

16. júlí

## 6. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma um breytingu á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Nái þær samþykki  $\frac{3}{5}$  eða fleiri atkvæðisbærra fundarmanna sendast þær aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða til meðferðar. Nái þær þær samþykki  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 7. gr.

Ræktunarsamþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra, og jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Ræktunarsambands Búnaðarfélags Geiradalshrepps og Búnaðarfélags Reykhólahrepps frá 30. júní 1947, og Ræktunarsamþykkt Búnaðarfélags Gufudalshrepps og Búnaðarfélags Múlahrepps frá 22. febrúar 1949.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946 og jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Vestfjarða, nr. 72 frá 21. febrúar 1947, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

98

fyrir Ræktunarsamband Borgarfjarðardala.

16. júlí

Búnaðarfélag þau, er að samþykkt þessari standa, eru: Búnaðarfélag Hálsa-sveitar, Búnaðarfélag Reykholtaldshrepps, Búnaðarfélag Lundarreykjadal, Búnaðarfélag Skorradalshrepps og Búnaðarfélag Andakílshrepps, í Borgarfjarðarsýslu.

## 1. gr.

Tilgangur ræktunarsambandsins er að vinna að aukinni og bættri jarðrækt og öðrum umbótum á sambandssvæðinu, með því að eignast og gera út ræktunarlóða, svo sem beltatraktora með víðeigandi verkfærum, og önnur tæki.

## 2. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins skipa einn maður kjörinn af hverju búnaðarfélagi á sambandssvæðinu, og einn til vara, til fjögurra ára í senn, og ganga tveir menn úr eftir hlutkesti eftir tvö ár. Stjórnin annast kaup á vélum, rekstur þeirra og vátryggingu, og reikningshald. Hún ræður starfsmenn og ákveður laun þeirra.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

98

3. gr.

16. júlí

Aðalfundur ræktunarsambandsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Þar skulu eiga sæti og atkvæðisrétt, sem fulltrúar búnaðarfélaga þeirra, er að samþykktinni standa, allir stjórnarnefndarmenn allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu, en opinn skal fundurinn öllum meðlimum búnaðarfélaganna. Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar ræktunarsambandsins, enda kýs fundurinn tvo endurskoðendur til þriggja ára í senn, og jafnmarga til vara. Að öðru leyti annast fundurinn öll venjuleg störf lögmeets aðalfundar.

4. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur —.

Stofnfjár skal aflað þannig:

Búnaðarfélög þau, er að samþykkt standa, leggja fram sem óafturkræft framlag  $\frac{1}{4}$  hluta stofnfjárins. Fjórða hluta stofnfjárins má ræktunarsambandið taka að láni, ef þörf krefur.

Helmingur stofnfjárins er framlag ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum þeim, sem jarðræktarsambandið kaupir, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Renna þau framlög í stofnsjóð jafnóðum og þau eru greidd, sem framlög til vélakaupanna.

5. gr.

Um starfsemi og félagshætti alla gilda, að öðru leyti en því, sem fyrir er mælt í 1.—4. gr. samþykktar þessarar, ákvæði laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktarsamþykktir, og reglugerðar nr. 36 frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi, er hún hefur verið samþykkt af eftirtöldum aðilum:

1. fundum búnaðarfélaga þeirra, er að samþykkt standa samkv. 1. gr.;
2. lögmetum stofnfundi ræktunarsambandsins;
3. auka-aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar;
4. er hún hefur hlotið staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, nr. 81 frá 20. maí 1946.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*